

Borgarbyggð
Ásgerður Hafdís Hafsteinsdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 27. ágúst 2024
UST202407-343/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 - Íþróttasvæði O1 - Íbúðarsvæði Í4 og skólasvæði Þ3 í Borgarnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 22. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010- 2022 fyrir íþróttasvæði O1, íbúðarsvæði Í4 og skólasvæði Þ3 í Borgarnesi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að afmörkun svæðis O1 verður breytt og það stækkað til suðurs umhverfis félagsheimilið og út fyrir íbúðarhús nr. 5 við Þorsteinsgötu þar sem heimilað verður niðurrif. Auk þess verður til samræmis reitur Þ3 minnkaður sem og íbúðarsvæði Í4.

Einnig segir að í framhaldi aðalskipulagsbreytingarinnar verður unnið nýtt deiliskipulag af íþróttasvæðinu og breyting gerð á deiliskipulagi skólasvæðis Þ3. Markmið breytingar er að skilgreina nánar fyrirhugaða uppbyggingu á núverandi íþróttasvæði í Borgarnesi. Þar segir að heimilt verði að reisa knattús að stærð 4500 m² og mænishæð allt að 16 m. Heildarbyggingarmagn innan svæðis eftir breytingu verður því allt 12.600 m².

Auk þess segir í greinargerð að breyting á aðalskipulagi fjallar um breytingu á landnotkun á landi en tillagan fjallar ekki um breytingu á strandlengju eða leggur til landfyllingar og því á umfjöllun um þessa þætti ekki við, hvorki í tillöggunni sjálfri né umhverfismatsskýrslu. Þegar að framkvæmdum við landfyllingu sem er áformuð utan þess svæðis sem breytingin nær til, þá verður farið með hana skv. ákvæðum laga og reglugerða.

Umhverfisstofnun bendir á umsögn á fyrri stigum dags. 9. apríl sl. hvað þetta varðar¹

Landslag og ásýnd

Fram kemur í breytingartillögu að uppbygging á svæðinu muni koma til með að breyta ásýnd svæðisins þar sem gert er ráð fyrir talsverðri uppbyggingu til viðbótar við núgildandi aðalskipulag. Samkvæmt breytingartillöggunni verða nánari skilmálar settir í deiliskipulag um yfirbragð bygginga til að ganga úr skugga um að þær falli vel að landslagi.

¹ <https://skipulagsgatt.is/files/aa4a217d-b5a9-4a78-999b-393f536c80e2>

Í 15. tl. 1. mgr. 2. gr. skipulagslaga nr. 123 frá 2010 er að finna skilgreiningu á landslagi: *Landslag merkir svæði sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.*

Núverandu landslag svæðisins er mótað af íþróttamannvirkjum er fyrir eru á svæðinu. Íþróttmannvirkin eru í núverandi mynd öll lágreist. Í breytingartillögu á aðalskipulagi er magn bygginga sem til stendur að reisa á svæðinu aukið mikið. Munu áhrifin vera til þess fallin að auka áhrif sem framkvæmdin hefur á landslag og ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun tekur undir að uppbygging knatt hússins muni koma til með að breyta landslagi og ásýnd svæðisins þar sem gert er ráð fyrir talsverðri uppbyggingu til viðbótar og hafa þar af leiðandi neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur